

Ed.

632. Breytingartillögur

[151. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 6. gr. Við greinina bætist 3. málsgrein, svo hljóðandi:

Sjóðsstjórn heldur að jafnaði fund einu sinni í mánuði, en skylt er formanni að boða til aukafundar, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn æskja þess.
2. Á eftir 12. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (13. gr.) Stofna skal við Framkvæmdasjóð Íslands sérstaka lánadeild, sem nefnist framleiðnilánadeild.

Tilgangur framleiðnilánadeildar er að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu.
 - b. (14. gr.) Starfsfé deildarinnar er:
 1. Framlag ríkissjóðs, sem skal vera 10 milljónir króna á ári næstu 10 ár, nema herra framlag kunni að verða ákveðið í fjárlögum.
 2. Seðlabanki Íslands skal tryggja sölu skuldabréfa, sem Framkvæmdasjóður Íslands gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 40 milljónir króna á ári næstu 10 ár. Bréfin séu til a. m. k. 15 ára, en vextir skulu ákveðnir af ráðherra. Bréfin séu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.
 3. Lán umfram það, sem um ræðir í 2. tölulið, getur deildin tekið innanlands eða utan, eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa, allt að 300 milljónum króna. Ríkissjóður ábyrgist slíkt lán.
 - c. (15. gr.) Umsóknir um lán úr framleiðnilánadeild skulu sendar Framkvæmdasjóði.

Þeim skal fylgja:

 1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
 2. Upplýsingar um tryggingar þær, sem umsækjandi getur sett.
 3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
 4. Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur máli skipta eða sjóðurinn óskar eftir.

Þegar umsókn hefur borizt, skal leita umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands og/eða Fiskifélags Íslands eða Búnaðarfélags Íslands, eftir því sem við á, um það, hvort tilgangur umsækjanda með lánsúmsókninni sé í samræmi við tilgang þessara lagaákvæða.

Að slíkri umsögn fenginni ákveður stjórn Framkvæmdasjóðs, hvort lánið skuli veitt, enda hafi sjóðurinn áður kannað hag umsækjanda og veðhæfni framboðinna trygginga.
3. Við 15. gr. (er verði 18. gr.). Í stað 2. og 3. málslíðar greinarinnar komi:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Séu fjórir þeirra tilnefndir af þingflokkinum, einn af hverjum, en hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og sé hann formaður stjórnar.